



Rýni 2019

Wroclaw í Póllandi - 30. ágúst til 4. september

Ágætu tæknifræðingar og verkfræðingar.

23. júní 2019

RÝNISFERÐIR fyrir tæknifræðinga og verkfræðinga sem hófust 1998 á vegum TFÍ hafa frá upphafi notið mikilla vinsælda og nú er stefnt á 20. ferðina sem farin verður á vegum VFÍ, 83 farþegar eru skráðir í ferðina. Að þessu sinni er ferðinni heitið til borgarinnar Wroclaw í Póllandi dagana 30. ágúst - 4. september 2019. Skrifstofa borgarstjóra í Wroclaw hefur verið okkur til aðstoðar við skipulagningu ferðarinnar, en Wroclaw hefur verið vinabær Reykjavíkurborgar frá árinu 2017.

Ferðatilhögun:

Flogið verður í beinu flugi með Airbus A320 flugvél Wizz Air frá Keflavík til Wroclaw kl. 18:35 föstudaginn 30. ágúst. Flugtími er tæpar fjórar klukkustundir. Farið verður með rútum á hótelið, 30 mínútna akstur frá flugvelli.

Gist verður á fjögurra stjörnu hóteli, **Novotel Centrum**, sem staðsett er 1,3 km frá Gamla bænum.

Netfang hótelsins er: <https://www.accorhotels.com/gb/hotel-A073-novotel-wroclaw-centrum/index.shtml>

Flogið verður heim frá Wroclaw miðvikudaginn 4. september kl. 15:50 og lent í Keflavík kl. 17:50. Lagt verður af stað frá hóteli um kl. 13:00 – 13:30.

Um borgina Wroclaw.

Wroclaw er mikil menningarborg og er fjórða stærsta borg Póllands með um 640 þúsund íbúa.

Borgin er staðsett í suðvestur hluta landsins og er vinsæll ferðamannastaður. Wroclaw var kosin menningarborg Evrópu 2016 og borgin var einnig valin sem besti áfangastaður Evrópu 2018.

<https://www.europeanbestdestinations.com/european-best-destinations-2018/>

Gamli bærinn er augnauki með fagran arkitektúr frá ýmsum tímum, þar er mikið af söfnum og afþreyingu og menningarviðburðir í borginni hafa ætíð verið fjölbreyttir.

Wroclaw stendur við ána Odra með sínar tólf eyjar, 130 brýr og fögru vel varðveittu garða sem gera umhverfið sérstaklega aðlaðandi. Borgin er miðstöð verslunar, mennta og iðnaðar í þessum hluta landsins. Hvergi í Evrópu eru fleiri verslunarfermetrar á hvern íbúa en í Wroclaw.



Dagskrá:

31. ágúst – laugardagur (allir):

Skoðunarferð um Wroclaw, 5 klst.


Lagt af stað frá hóteli með rútum kl. 10:30 og keyrt í miðborgina til að skoða **Raclawice Panorama**, stórkostlegt málverk sem er 114 metra langt og 15 metra hátt og sýnir ljóslifandi bardaga Pólverja við Rússa um sjálfstæði árið 1794. Eftir það verður farið á háskólasvæði í Gamla bænum til að skoða **Aula Leopoldina** og **Oratorium Marianum** glæsilega aðalsali háskólans og stærðfræðiturninn **Wieza Matematyczna** sem býður upp á fallegt útsýni yfir Gamla bæinn. Eftir dvölinu í háskólanum verður farið á árbakka Odra með rútum eða gangandi og þar munum við stíga um borð í bátinn **Wratislavia** og fara í 1,5 klukkustundar **siglingu um ána Odra**. Hádegisverður um borð sem er innifalinn í verði. Eftir siglinguna kl. 15:30 verður hægt að fara með rútu til baka á hótelið eða fara gangandi í Gamla bæinn og skoða Aðaltorgið á eigin vegum.



1. september – sunnudagur (allir):

Skoðunarferð um Wroclaw, 5 klst.

Lagt af stað frá hóteli með rútum kl. 10:00 og keyrt í miðborgina til að skoða **Ostrow Tumski**, sem er elsti hluti borgarinnar, en þéttbýli myndaðist þar fyrst á 10. Öld, Nikulás Kópernikus dvaldi þar um tíma. Þar munum við m.a. skoða **Dómkirkjuna í Wroclaw**, fallega kirkju þar sem turnarnir tveir á kirkjunni bjóða upp á einstakt útsýni yfir borgina. Eftir dvöl þar verður farið með rútum í **Park Szczytnicki**, sem er fallegur borgargarður nálægt miðborginni. Þar munum við skoða að hluta **Centennial Hall**, sem er á skrá UNESCO og með einstakan byggingarstíl. Við munum síðan ganga um garðinn, skoða Japanska garðinn og fallegan gosbrunn, **Wroclawska Fontanna**. Hádegisverður, sem er innifalinn í verði, verður í boði kl. 13:00, eftir góðan hádegisverð verður farið með rútum í Gamla bæinn og þar munum við taka smá gönguferð með leiðsögumönnum og fræðast aðeins um merkilega sögu Wroclaw. Borgin hefur á ýmsum tímum í sögunni tilheyrt Póllandi, Bóhemíu, Ungverjalandi, Austurríki, Prússlandi og Þýskalandi. Gamli bærinn er mjög fallegur, en þar munum við skoða m.a. **Aðaltorg borgarinnar með ráðhúsi** frá 14. öld. Komið verður til baka á hótelið um kl. 15:30. Eftir komu á hótelið er frjáls tími til kl. 19:15.




Kvöldverður:

Sunnudagskvöldið 1. september. Brottfor fra hóteli kl 19.15. farið með rútum í sameiginlegan gala kvöldverður kl. 19.30 – 22.30 í hátíðarsal ráðhússins í Wroclaw. Fjölbreyttur matur verður í boði, auk þess sem von er á góðum leynigestum. Innifalið í verði, matur og borðvín. Farið til baka á hótél með rútum um kl 22.30.

2. september – mánudagur (fræðingar):

Lagt af stað frá hóteli með rútu kl. 9:00. Við byrjum daginn með því að keyra til austurhluta borgarinnar og heimsækja þar aftur **Centennial Hall**, eina stærstu steinsteyptu hvelfingu heims sem reist var árið 1913 og er á skrá UNESCO. Við munum skoða bygginguna nánar, en sýningarsalurinn er með einstakan byggingarstíl og slapp vel við skemmdir í báðum heimsstyrjöldum. Eftir það munum við ganga að dýragarði borgarinnar og skoða þar tæknilausnir á bak við **Afrykarium**, í þessum hluta dýragarðsins er til sýnis dýralíf í vötnum Afríku. Eftir það verður farið í heimsókn til Vatnsveitu Wroclawborgar og þar munum við skoða m.a. gamlan vatnsturn og **Hydropolis** safnið. Hádegisverður, sem er innifalinn í verði, verður í boði kl. 13:00. Eftir hádegisverð verður farið með rútum til vesturhluta borgarinnar. Þar munum við skoða áhugaverða brú yfir ána Odra **Most Redzinski**. Stoppað verður við nútímaleg íbúðahverfi **WuWa 2**, áður en farið verður í heimsókn til **Amazon í Wroclaw**. Þar munum við fá leiðsögn um tæknilausnir og þá flóknu ferla sem eru á bak við póstsendingar frá Amazon. Starfsemi Amazon í Wroclaw fer fram í tveimur stórum byggingum (190.000 m²). Komið verður til baka á hótelið um kl. 16:30.




2. september – mánudagur (makar):

Frjáls dagur. Tilvalið að fara í göngur eða skoðunarferðir um borgina, heimsækja söfn, borgargarðana eða kíkja í nýjustu verslunamiðstöðina í borginni, **Galeria Wroclavia**, sem er í 10 mín. göngu frá hótelinu. Þá getur einnig verið gaman að heimsækja grænmetismarkað í gamla bænum **Hala Targowa**. Ef veður leyfir, er tilvalið að setjast niður á veitingahúsum á aðaltorgi eða börum á árbökkum Odra og njóta sólarinnar og veitinga.



3. september – þriðjudagur (allir):

Lagt af stað frá hóteli með rútu kl. 8:45. Ekið í suðurátt til borgarinnar Swidnica (1. klst. akstur) til að skoða undirverk í byggingarlist og eina merkilegustu og stærstu timburkirkju í Evrópu, **Kosciol Pokoju**, byggð 1657 og á skrá UNESCO. Keyrt áfram til borgarinnar Walbrzych (20 mín. akstur) til að skoða einn stærsta kastala Póllands, **Zamek Ksiaz**. Undir lok seinni heimsstyrjaldar voru nasistar að undirbúa þar felustað Hitlers. Byggð voru ýmis neðanjarðarmannvirki sem áttu að verða hluti að fyrirhugaðri neðanjarðarborg nasista í Sudety fjöllum, **Project Riese**. Hádegisverður, sem er innifalinn í verði, verður í boði kl. 14:00 – 15:30 á veitingastaðnum **Restauracja Babinicz** í útivistarsvæði **Dworzysko**. Eftir smá hvíld í garðinum verður keyrt til baka til Wrocław. Komið á hótelið um kl. 16:30 - 17:00.



4. september – miðvikudagur:

Frjáls tími fyrir hádegi. Lagt verður af stað frá hóteli með rútum um kl. 13:00 -13:30 (30 mínútna akstur til flugvallar). Flug til Keflavíkur er kl. 15:50 og landing í Keflavík kl. 17:50.

Þáttökugjald- greiðslupplýsingar

Þrátt fyrir umfangmeiri dagskrá og fleiri málsverði en áður hefur verið gefið upp ásamt veikingu krónunnar um tæp 4% fra því í janúar hefur okkur tekist með hagstæðum samningum í Póllandi að lækka áður auglýst verð um nærri 10 þúsund krónur á farþega.

Heildarverð einstaklings í tveggja manna herbergi verður því 149.800 og 174.200 í eins manns herbergi. Eftirstöðvar þátttökugjalds á einstakling að frádreginni innágreiðslu kr. 30.000.- er því 119.800 kr. (tveggja m. herbergi) og 144.200 kr (eins manns herbergi) og skal greiða inn á reikning VFI eigi síðar en 12. júlí.

Greiða skal inn á reikning 0334-26-000187 kt. 680269-6299 (Verkfræðingafélag Íslands)

Kvittun sendist á netfangið: gurry@verктаekni.is

Kynningarfundur verður haldinn í fundarsal VFÍ, Engjateigi 9, fimmtudaginn 15. ágúst kl. 17:00.

Með góðri kveðju frá fararstjórum.

Jóhannes Benediktsson sími 665 - 6130

Hreinn Ólafsson sími 693 - 7401

Lech Pajdak. sími 693 - 2512